

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 14. maí 2020 kl. 9:30, en þetta var 78. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mættir voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Reynir Tómas Geirsson, en Stofnun Árna Magnússonar heimilaði nefndinni ekki fjölmennari fund í fundarherberginu á 4. hæð vegna kórónuveirufaraldursins (COVID).

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundarmenn samþykktu fundargerð síðasta fundar (12. mars 2020) fyrir sitt leyti. Fundir hafa síðan legið niðri vegna kórónuveirufaraldursins.

2. Orðabókarvinnan:

Allergy: Ágústa hafði skilað inn athugasemdam sínum fyrir fundinn. Viðstaddir nefndarmenn fóru yfir listann, sem taldi 55 færslur, og greindu frá athugasemdam sínum. Listinn verður svo aftur tekinn fyrir á fundi 28. maí með hinum hluta nefndarinnar.

Immunity: Farið var lauslega yfir þær 16 færslur sem á listanum eru og nefndarmönnum var falið að hugleiða til næsta fundar þau atriði sem skoða þyrfti betur. Þessi listi verður væntanlega einnig tekinn fyrir á fundi 28. maí með hinum hluta nefndarinnar.

Immunization: Ekki vannst tími til að fara yfir þennan lista sem inniheldur 16 færslur.

3. Önnur mál:

RTG greindi frá þeirri vinnu sem er í gangi hjá Landlækni og Heilbrigðisráðuneytinu vegna væntanlegrar endurskoðunar á reglugerð um sérfræðiviðurkenningar lækna. Hann hefur tekið þátt í þeirri vinnu og gerði ráð fyrir að leitað yrði til nefndarinnar um einhverja aðstoð við íslenskun fræðiheita. Viðstaddir lýstu sig reiðubúna til þess.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 28. maí 2020, kl. 9:30, en þá mun verða farið á sama hátt yfir þá lista sem ræddir voru á þessum fundi með hinum hluta nefndarinnar (MHJ og RP).

Gert er svo ráð fyrir að halda megi fund með öllum nefndarmönnum og ráðgjafa nefndarinnar, Ágústu Þorbergsdóttur, fimmtudaginn 11. júní. JHJ mun að venju undirbúa þann fund og boða nánar með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið kl. 10:35. Fundargerð ritaði JHJ.